

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 176/2018

2021/EES/15/04

frá 21. september 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar,  
prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/677 frá 3. maí 2018 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun támatíns (E 957) sem bragðaukandi efni í tilteknum matvælaflokkum <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/678 frá 3. maí 2018 um breytingu og leiðréttingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar tiltekin bragðefni <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/681 frá 4. maí 2018 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar nákvæmar skilgreiningar á pólývínýlalkóhóli sem hefur verið grætt á pólýetylenglýkól (E 1209) <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/682 frá 4. maí 2018 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun pólýglýserólþólýrísínóleats (E 476) í ýrðar sósur <sup>(4)</sup>.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 6) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 54zzzzr (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008):
  - „– **32018 R 0677**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/677 frá 3. maí 2018 (Stjttíð. ESB L 114, 4.5.2018, bls. 10),
  - **32018 R 0682**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/682 frá 4. maí 2018 (Stjttíð. ESB L 116, 7.5.2018, bls. 5).“

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 114, 4.5.2018, bls. 10.<sup>(2)</sup> Stjttíð. ESB L 114, 4.5.2018, bls. 13.<sup>(3)</sup> Stjttíð. ESB L 116, 7.5.2018, bls. 1.<sup>(4)</sup> Stjttíð. ESB L 116, 7.5.2018, bls. 5.

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 54zzzzs (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008):

„– **32018 R 0678**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/678 frá 3. maí 2018 (Stjtið. ESB L 114, 4.5.2018, bls. 13).“

3. Eftirfarandi undirlið er bætt við 69. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012):

„– **32018 R 0681**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/681 frá 4. maí 2018 (Stjtið. ESB L 116, 7.5.2018, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2018/677, (ESB) 2018/678, (ESB) 2018/681 og (ESB) 2018/682, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 22. september 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 21. september 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Oda Helen Sletnes***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.